



SKÝRSLA STJÓRNAR - AÐALFUNDUR 5. MAÍ 2012

Mikil nýliðun var í stjórninni í upphafi ársins og komu 5 nýjar konur í stjórn, í stjórn sitja 7 konur. Á síðasta aðalfundi voru félagsgjöld þessa árs ákveðin 7900 krónur. Félagsgjöldin gera okkur kleift að standa fyrir metnaðarfullri dagskrá þar sem allir atburðir, utan árshátíðar, eru án aukakostnaðar fyrir Emblur.

Stjórnin skipulagði eftirtalda viðburði á líðandi starfsári:

Fyrsti fundurinn var haldinn í Borgarleikhúsinu í 6. október

„Hvernig náum við í feitu bitana“

- ✓ Hildur Harðardóttir markaðsstjóri Borgarleikhússins tók á móti Emblum kynnti fyrir okkur starf Borgarleikhússins.
- ✓ Katrín Júlíusdóttir, ráðherra deildi með okkur reynslu sinni sem stjórnámálamanni og ráðherra. Hún talaði um mikilvægi fyrirmynda í samfélaginu.
- ✓ Margrét Pálmadóttir hristi svo upp í samkomunni og leiddi hópinn í taktföstum söng.
- ✓ Elísabet Grétarsdóttir markaðsstjóri CCP og Sigurlína Ingvarsdóttir framleiðandi hjá CCP gáfu okkur innsýn inn í stöðu kvenna í tölvuleikjaheiminum

Annar fundur Embla var haldinn í hádeginu 3. nóvember

„Leggjum heiminn að fótum okkar“

- ✓ Balbir Bhasin, gestaprófessor hjá Háskólanum í Reykjavík og kennir við M.Sc. nám skólans í alþjóðaviðskiptum. Áfanginn sem hann kennir ber heitið "Business and Markets in Asia". Bhasin var með fyrirlestursem hann nefnir "Across the Himalayas: Contrasting Chinese and Indian Cultures" Bhasin kynnti það sem er sameiginlegt með Indlandi og Kína, en jafnframt hve löndin eru ólík hvað varðar menningu, trúarbrögð og sögu. Út frá þessum grunni, uppruna sínum og reynslu gaf hann okkur innsýn inn í hugarheim þessara þjóða og þá hvað sé mikilvægt að hafa í huga í samskiptum jafnt sem viðskiptum við þær
- ✓ Margrét Jónsdóttir Njarðvík deildi með Emblum reynslu sinni af viðskiptum í Kína

Þriðji fundur vetrarins var haldinn í Þjóðleikhúsinu, 7. Desember

“Græn Jól“ - Umfjöllunarefnið var Grænt hagkerfi.

- ✓ Skúli Helgason, alþm. formaður nefndar Alþingis um eflingu græna hagkerfisins kynnti athyglisverða skýrslu um efnið.
- ✓ Benedikt Stefánsson, frá CRI (Carbon Recycling International) varpaði fram spurningunni, er raunhæft að Íslendingar framleiði eigið eldsneyti með sjálfbærum hætti?



EMBLUR Félag MBA kvenna frá Háskólanum í Reykjavík

- ✓ “Svartur hundur prestsins“ Leikrit sem var á fjöllum Þjóðleikshússins, Auður Ava Ólafsdóttir fór yfir sögu verksins og reynslu sinni að hefja feril sinn sem skáldsagnahöfundur.
- ✓ Ástríður Elín Jónsdóttir frá Umhverfisstofnun gaf innsýn inn í græn jól og grænar jólagjafahugmyndir.
- ✓ Herdís Þorvaldsdóttir, ein af okkar ástsælu leikkonum, las fyrir okkur ljóð og viðraði skoðanir sínar um „Grænt Ísland“
- ✓ Heiða Ólafsdóttir söng jólalög í lok fundar.

Fjórði viðburðurinn var fyrirtækjaheimsókn

- ✓ Emblan, athafnakonan og frumkvöðullinn, Þórdís Lóa Þórhallsdóttir bauð okkur til sín. Þórdís Lóa á og rekur Pizza Hut í Finnlandi og Íslandi. Þetta var ákaflega fræðandi heimsókn um hvernig hún hefur byggt þetta upp og hyggur á útrás til Finnlands.

Fimmti viðburður - Ársfögnuður Embla var haldinn í Gyllta salnum á Hótel Borg þann 10. febrúar.

„Yfirskriftin var Gyllt þema – 10 ára afmæli námsins

Á ársfögnuði var farið af stað með það að velja EMBLU ársins í fyrsta skiptið og var óskað eftir tilnefningum frá félagskonum.

- ✓ Opnunarræða var í höndum Helgu Valfells
- ✓ Ólöfu Nordal var með afmælisávarp, Ólöf er 10 ára Embla og var táknrænt að hún flytti ræðu af tilefni 10 ára afmælis námsins
- ✓ Skemmtikrafturinn Lolla og Brynja Valdís voru með skemmitatriði

Á árshátíð Embla var síðan kynnt val á Emblu ársins 2012.

Það bárust 13 tilnefningar og var stjórninni mikill vandi á höndum að velja eina af þessum frábæru konum umfram aðra því allar eru þær einstakar hver á sínu sviði. Embla ársins sem þótti skara fram úr var valin á þann hátt að starfið sem hún sinnir er einstakt að því leiti að þar fer fram uppbyggingarstarf fyrir konur og stúlkur.

- ✓ **Embla ársins var valin Ruth Gylfadóttir MBA 2004.**

Ruth fer fyrir starfsemi ENZA - sem er fræðslumiðstöð fyrir konur í Mbekweni/Newrest fátækrahverfinu í útjaðri Höfðaborgar í Suður Afríku.

Þar fer fram uppbyggingarstarf fyrir konur og stúlkur sem hafa vegna fátæktar og annarra samfélagsmeina ekki fengið tækifæri til að þroska sig og mennta. Kjarnahópur samtakanna eru konur sem hafa neyðst til að gefa frá sér barn til ættleiðingar vegna sárrar fátæktar. Auk þess þjónar ENZA öðrum konum í hverfinu sem búa við mikla fátækt, en vilja fræðast og auka tækifæri sín til innihaldsríkara lífs og bættra lífsskilyrða.



Stjórn EMBLA er afar stolt af EMBLU ársins og vonum að heiðurinn verði til að efla starfið hennar og til áframhaldandi brautargengis hjá Rut. Stjórnin vonast til þess að kosning Emblu ársins verði að árlegum viðburði í starfi Embla.

Sjötti fundur vetrarins var - Morgunverðarfundur í mars

„Vilt þú auka færni þína í að koma sjónarmiðum á framfæri við fjölmiðla „

- ✓ Elínu Hirst fjölmiðlakona er baráttukona fyrir því konur verði sýnilegri í fjölmiðlum. Á fundinum með Emblum kynnti hún hvernig hún leggur fram krafta sína og reynslu til að og ná þessu fram og deilir með kynsystur sínum. Elín fór yfir praktísk atriði sem þarf að hafa í huga þegar komið er fram fjölmiðlum og laumaði að okkur nokkrum TRIXUM varðandi hvað er mikilvægt að setja hafa í huga þegar við komum fram í fjölmiðlum.

„Stjórnunarfræði – það heitasta í dag - Markþjálfun „Coaching“

- ✓ Afreksfólk í íþróttum vinnur flest með þjálfara sem leggur þeim lið við að hámarka árangur sinn. Hvers vegna skyldu stjórnendur sem vilja hámarka árangur sinn ekki gera slíkt hið sama? Alda Sigurðardóttir hjá VENDUM kynnti fyrir Emblum aðferðafræði markþjálfunar hvernig við getum nýtt okkur þessa aðferðafræði til framdráttar. Jafnframt var hún það rausnaleg að hún bauð Emblum að kom og þiggja frían tíma hjá Vendum í markþjálfun.

Önnur mál sem brenna á Emblum;

Alþingi samþykkti á dögnum lög sem fela í sér að fyrirtækjum verður skylt að gæta að kynjahlutföllum í stjórnnum hlutafélaga. Samkvæmt lögnum skal hvort kyn eiga fulltrúa í stjórn einkahlutafélaga og hlutafélaga þar sem fleiri en 50 starfsmenn starfa að jafnaði þegar stjórn er skipuð þremur mönnum og þegar stjórnarmenn eru fleiri en þrír skal tryggt að hlutfall hvors kyns sé ekki lægra en 40%. Lögin munu öðlast gildi 1. september 2013.

Emblur hafa sett saman lista yfir þær Emblur sem bjóða sig fram til stjórnarstarfa hjá fyrirtækjum þar sem ljóst er að það verður mikil þörf fyrir konur í stjórnnum fyrirtækja þegar lögin taka gildi. Listi yfir þær konur sem hafa áhuga á að sitja í stjórn fyrirtækja hefur verið settur saman og birtur á vef Embla . Farið verður í ítarlegar kynningar á listanum á haustmánuðum 2012. Stefnt er að því að ná athygli fjölmiðla, fyrirtækja og samtaka atvinnurekanda.

Við höfum verið vikar í að nota Facebook til kynningar á starfinu og virðist sá miðill koma sterkur inn í upplýsingagjöf til Embla um starfið og verkefni. Við viljum hvetja Emblur til að nota Emblusíðuna á Facebook til að koma áhugaverðum hlutum á framfæri. Þetta er lokaður hópur svo að innihald hans er eingöngu fyrir Emblur. Vefurinn okkar Emblur.is er einnig mikilvæg upplýsingaveita um starfið okkar.

Rekstrartölur og afkoma fyrir starfsárið er kynnt nánar í meðfylgjandi ársreikningi Rekstrarárið er frá 31. mars – 1. apríl næsta árs.



EMBLUR Félag MBA kvenna frá Háskólanum í Reykjavík

Á næsta starfsári mun stjórn Embla taka breytingum. Tvær munu ekki gefa kost á sér áfram en það eru; Bára Mjöll Ágústsdóttir og Eva Dögg Sigurgeirsdóttir.

Komið hafa framboð til stjórnar í stað þeirra sem út ganga og mun kosning fara fram á aðalfundi 5.maí 2012.

Stjórn EMBLA 2011 - 2012 þakkar félagskonum og öðrum þátttakendum í viðburðum vetrarins fyrir fræðandi og gefandi samveru á starfsárinu.

Stjórn starfsárs 2011 – 2012;

Bára Mjöll Ágústsdóttir

Ástríður Jónsdóttir

Björg Kjartansdóttir

Eva Dögg Sigurgeirsdóttir

Auður Jóhannesdóttir

Helga Thors

Herdís Þorvaldsdóttir
